

**Nd.**

**178. Frumvarp til laga**

[125. mál]

um viðauka við lög nr. 18 4. nóvember 1887, um veð.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

**1. gr.**

Á eftir 3. mgr. 4. gr. laganna komi nýjar málsgreinar svo hljóðandi:

Svo er og útgerðarmanni, framleiðanda sjávarafurða og landbúnaðarafurða og öðrum, sem vörur þessar hefur til sölumeðferðar, heimilt að setja banka eða sparisjóði að sjálfsvörzluveði afla og tilgreindar tegundir afurða og rekstrarvörur sjávarútvegs og landbúnaðar, sem veðsali á eða eignast kann á tilteknu tímabili, allt að einu ári í senn, til tryggingar lánum þeim, er hann tekur út á hin veðsettu verðmæti. Veðsetning þessi nær til afla og afurða án tillits til verkunar- eða framleiðslustigs, og nær veðrétturinn einnig til hvers konar verðbóta og gjaldeyrisfríðinda á afla eða afurðir á hverjum tíma.

Nú hefur eigandi veðsetts afla eða afurða afhent öðrum hinar veðsettu vörur, og öðlast veðhafinn þá veðrétt, sams konar og hann átti í aflanum eða afurðunum, í kröfu fyrri eiganda á hendur þeim, sem við hinum veðsettu afurðum tók um endurgjald af hans hálfu fyrir afla þann eða afurðir, sem af hendi voru látin. Sá, sem við aflanum eða afurðunum tók, bakar sér gagnvart veðhafa ábyrgð á kröfu þessari, hafi hann greitt hana veðsala, áður en veðrétturinn í henni var niður fallinn.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að lækka lögákveðin þinglestrar- og stimpilgjöld af veðbréfum fyrir lánnum þessum.

Vixlar til framlengingar á afurðavíxlum, sem Seðlabankinn endurkaupir, skulu undanþegnir stimpilgjaldi.

**2. gr.**

Ákvæði 89. gr. skiptalaga nr. 3 12. apríl 1878, gilda eigi um veðrétt þennan, að undanteknum kröfum þeim, er um ræðir í 3. og 5. lið 83. gr. skiptalaga.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 34 31. maí 1927 og 1. gr. laga nr. 46 19. júní 1933.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 4. gr. veðlaganna frá 1887 er mönnum bannað „að setja að sjálfsvörzluveði safn af munum, sem eru samkynja eða ætlaðir til samkynja notkunar, og einkenndir eru einu almennu nafni.“ Frá þessu eru þó gerðar vissar undantekningar í lögum og varðar í þessu sambandi mestu sú breyting á ofanefndri lagagrein, sem gerð var með lögum nr. 34/1927, þegar „útgerðarmanni“ var gert „heimilt að setja banka eða sparisjóði að sjálfsvörzluveði aflla af skipi sinu á einu útgerðartímabili í senn, til tryggingar lánnum, er hann tekur til útgerðarinnar á því hjá stofnunum þessum.“

Þegar þessi lagabreyting var gerð árið 1927, hafði löggjafinn fyrst og fremst í huga lán út á aflla, veiddan eða óveiddan, sem útgerðarmaður verkaði sjálfur eða lét verka sem saltfisk til útflutnings. Síðan hafa atvinnuhættir breytzt mjög. Í fyrsta lagi hafa komið til margvíslegar nýjar verkunaraðferðir, og er oft ekki ráðið, hvernig fiskur verður verkaður, fyrr en aflinn er kominn í land. Í öðru lagi er nú miklu algengara en áður var, að útgerðarmaður selji öðrum aðila aflla sinn til verkunar, og er því gerð skilgreining á „útgerðarmanni“ og „framleiðanda“ útflutningsafurða. Í þriðja lagi hafa hin svonefndu „afurðalán“ á síðari árum orðið æ meiri þáttur í stuðningi lánastofnana við bæði sjávarútveg og landbúnað.

Af þessum sökum og til þess að taka fyrir vafaatriði um túlkun laganna frá 1927, er nauðsyn að gera lagaákvæði þessi skýrari og koma þeim í betra samræmi við núverandi atvinnuhætti. Því er lagt til, að 4 nýjum málgreinum verði bætt við 4. gr. veðlaganna á eftir 3. mgr. og komi þær í stað laganna frá 1927. Er ástæða til eftirfarandi athugasemda um hverja þeirra.

1) Kveðið er skýrt á um það, að útgerðarmanni, framleiðanda sjávarafurða og landbúnaðarafurða og öðrum, sem hafa vörur þessar til sölumeðferðar, sé heimilt að veðsetja banka eða sparisjóði afurðir þessar að sjálfsvörzluveði, svo og að framleiðendum sé heimilt að veðsetja sömu aðilum rekstrarvörur (svo sem salt og tunnur), til tryggingar lánnum, sem þessir aðilar taka út á hin veðsettu verðmæti. Þar eð heimildin nær til veðsetningar á verðmætum, sem sum eru ekki orðin til (svo sem óveidds aflla), þykir eðlilegt að binda hana við ákvæðið, tiltölulega stutt tímabil, svo sem gert var í lögnum frá 1927, en vegna breyttra atvinnuhátta er lagt til, að þessi tími verði eitt ár í stað „eins útgerðartímabils“.

2) Bætt er við ákvæði til að tryggja rétt lánsstofnana gagnvart þriðja manni, sem kynni að hafa tekið við veðsettum aflla eða afurðum, með því móti að veðsetningin félli niður.

3) Ákvæðið um heimild fjármálaráðuneytisins til að lækka lögákveðin þinglestrargjöld af skuldabréfum fyrir lánnum þessum er í lögnum frá 1927, en eðlilegt þykir, að hið sama gildi um stimpilgjöld

4) Loks er tekið fram, að víxlar til fremlengingar á afurðavíxlum sem Seðlabankinn hefur endurkeypt, skuli undanþegnir stimpilgjaldi. Vegna strangra reglna Seðlabankans um framlengingar á afurðavíxlum og dráttar, sem oft vill verða á greiðslum fyrir afurðir, án þess að framleiðendum sé um að kenna, og með tilliti til viðurkenndra forréttinda afurðalána t. d. hvað vexti og þinglýsingargjöld snertir, verður að teljast fullkomlega eðlilegt, að stimpilgjald sé aðeins greitt einu sinni af hverju endurkaupanlegu afurðaláni, enda eru þessi lán ætíð endurgreidd þegar í stað, þegar gerð hafa verið skil til framleiðenda á andvirði vörunnar. Fordæmi um undanþágu frá stimpilgjaldi við framlengingu finnast í lögum, sjá t. d. lög nr. 31/1930.

Ákvæði í 2. gr. frv. er tekið óbreytt eftir lögum nr. 46 19. júní 1933.